

**13. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
18. júní 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1310184 - Deiliskipulag - ferill mála.

Staða málsins kynnt.

2. 1504140 - Deilisk.- Breiðarsvæði, Hafnarbraut 3

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leggja fram greinargerð um málid.

3. 1501399 - Deilisk.- Breiðarsvæði lóðir HB Granda hf.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir upplýsandi og vel sóttan íbúafund um málefni HB Granda hf. á Akranesi. Skipulags- og umhverfisráð felur formanni ráðsins og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að funda með forsvarsmönnum fyrirtækisins um stöðu málsins og næstu skref.

4. 1505151 - Suðurgata 25-byggingarleyfi-fjarlægja fjárhús og setja skjólvegg

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrilliggjandi hugmyndir.

5. 1505161 - Esjubraut 6- innkeyrsla

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og byggingarfulltrúa að svara erindinu samkvæmt umræðum á fundinum.

6. 1411099 - Aðalsk.breyting - Þjóðvegur 13-15

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá og með 27. apríl til 12. júní 2015. Engar athugasemdir bárust.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 27. apríl til 12. júní 2015. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til umsagnar og auglýsingar.

7. 1402153 - Deilisk. - Miðvogslækjarsvæði, Þjóðvegur 13 - 15

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr 123/2010, frá 27. apríl til 12. júní 2015. Engar athugasemdir bárust. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til umsagnar.

EB

8. **1501214 - Fundargerðir 2015 - starfshópur um Sementsreit**
Lagt fram til kynningar.
9. **1505064 - Sólmundarhöfði 2, leiga húsnæðis.**
Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að vinna málið áfram.
10. **1411071 - Framkvæmdaáætlun 2015 - ráðstöfun fjármuna**
Garðyrkjustjóri kynnti framkvæmdir á Breiðinni. Sviðstjóri fór yfir stöðu framkvæmda.
11. **1506063 - Dalbraut 6-girðing**
Sviðstjóra falið að afgreiða málið í samræmi við umræður á fundinum.
12. **1506064 - Skipulags- og umhverfissvið - fjárhagsáætlun 2016,**
Sviðsstjóri kynnti málið.
13. **1411197 - Jaðarsbakkar - breyting á bílastæðum**
Eftirfarandi tilboð bárust:

*Skóflan hf. kr. 11.668.000
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar kr: 11.402.700
Þróttur ehf. kr. 10.061.975
Kostnarðaráætlun kr. 8.528.500*

Sviðsstjóri falið að ræða við lægstbjóðanda.
14. **1505122 - Smáraflöt - ákall um úrbætur**
Erindinu vísað til Starfshóps um umferðaröryggi.
15. **1506083 - Esjubraut - óskir um hraðahindrur**
Sviðsstjóra falið að hafa samband við forsvarmenn flutningsfyrirtækja að beina umferð með þungaflutninga að og frá hafnarsvæði um Faxabraut. Erindinu er að öðru leiti vísað til starfshóps um umferðaröryggi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50.

*Eisav Bradsen
Rakel Ómarsdóttir
Unghildur L. Þóresson
Guðrún Ó. Ólafsdóttir
Hannita Jónsdóttir
Sig. P. H.*

*Haldís Sigurbjörnsdóttir n.k.
Málm Bjarnadóttir*